4. Endurminningar um sjóferðir. Inngangur að erindi fluttu í stúkunni Ingólfur árið 1933.

---

2 blöð qto.

Tungangur: Ad Endurminningar um sjófeedir o.s frv. (bls. 30.)

Hutt (ágrip af þór) í T.O.T. stúkunni Tugálfur 1933.

Kæru bbr.!

Þad, sem ég ætla ad lesa fyrir ykkur í Kvöld, er ofurlítid brot úr endurminningum mínum um þad, sem ég sá og heyrdi á sjómensku-árum mínum fyrir 50 árum og es þad lýsing á einni hlid sjómannalífsins á Bakkanum þá og jafnframt ástandi þór er nikti þar um stódir um sidavenjur og lifnadarháttu manna, einkum ad þór leyti er drykkjuskap manna áhrærdi ~~og sem þá var~~ enhann var þá í mestum algleymingi medal almenningsþar eystra, eins og eflaust var vídasthvar annarstadar á landinu:

Má um þá menn segja, eins og segir á Egilssögu um blótid ad Paulum, þá er Þorvaldur ofsi var veginn, ad menn „drukku fyrst sveitardrykkju", þad er ad menn drukku hver ödrum til; „þá kom þar er horn skyldi drekka til hálfs. Drukku þeir saman Eyvindur og Þorvaldur, enn Álfur og Þorvidur. Enn er á Kveldid leid, þá var drukkid vid sleitur" – þad er vid þrætur og sundurlyndi – „og þór nest ordahnippingar og þá stóryrdi."

Allt var þetta gjört þá, og er e.t.v. svo enn, til þess ad búa sig undir eitthvert þad stórrædi er fram skyldi fara og ad var stefnt til ad fá skjótan enda bundid á einhver mikilsvardandi mál. En svo verdur þad oftast endalyktin, ad segja má um hana, eins og sagt var um blótid ad Paulum: „Vard þá ekki fleira tídenda þad Kvöld".

Gömul vísa ein, sennilega upprunnin einmitt á sögustad mínum ad þessu sinni, bendir á, ad mikil hafi verid þráin og þorstinn í brennivín á þeim dögum; vísan er þannig: „Eg er á flakki eins og svín, útá Bakka og heim til nín.

Góinsstaka-grundin fín, gelf mér smakka brennivín".

Vér sjáum í anda frá löngu lidnum túnum, mann á fead og mætir hann honu, sem hann bidur mjög gódlótlega, ad svala instu þrá sinni: ad gefa honum „bragd".

Svo var þessi þrá ordin ad almennum vana, ad dæmi voru til, ad mædur beinlínis létu ungbörn, jafnvel innan 10 ára, hafa „þela uppá vasann", til þess ad þau gætu í hvert sinn er þau fengu ad fara med foreldrum sínum til kirkju eda annara mannfunda, gætu gefid jafnöldum sínum eda ödrum í líku reki, „bragd" af bremnivíni og var þetta órækasti vottur um höfdingsskap þeirra og rausn. En sjaldan komu þessir hæfileikar manna um trygd þeirra vid þjódar venjuna skírar í ljós, en á adalhátíd ársins, sem haldin var í verstödvunum eystra og eflaust vídar um land allt, á sumardaginn fyrsta og fagnadi þeim, er haldinn var í sambandi vid þann dag, med sumardagsvecglunum.

Og skal nú vikid nokkud nánar ad þvi. En ádur en lengra er farid, vil ég til skýringar þvi sem stuttlega verdur frá sagt, geta þess, ad hér koma 2 eda 3 menn vid söguna, þeir Bjarni Kása og Pésatuskan, án þess ad þeim sé frekarlýst. Hinn fyrri hét Bjarni Nikulásson og var nafnid Kása, gælunafn hans. Hinn sídari hét Pétur Jónsson (oft nefnlur geitna Pési, en sjálfur kalladi hann sig Pésatuskuna, Pétur litla eda Pétur á 50 fótunum. Bádir voru þeir svo ad segja landskunnir menn ~~af~~ sem mestu bremnivínsberserkir og spangilegir skringimenn (originaler) og hefi ég samid ágrip af æfisögu Péturs, sem mestan aldur sinn ól á heimilum foreldra minna og tengdaforeldra. Hér verdur þeirra adeins getid, og gætu menn, er til þektu, af þvi rádid, ad um einhverja sögulega atburdi væri ad ræda, þar sem nöfn þeirra ern nefnd, en vid þad verdur nú ad sitja, ad segja frá ödrum „smarri spámönnum", ad þessu sinni.